

AUGLÝSING

um umferð í þéttbýlinu í Vík í Mýrdal, Mýrdalshreppi.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur í samræmi við 1. og 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á Suðurlandi ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Mýrdalshrepps.

Hámarkshraði á eftirtöldum götum verði 30 km/klst.:

Austurvegur 19-35 (ekki þjóðvegur)	Ránarbraut
Árbraut	Sigtún
Bakkabraut	Sléttuvegur
Hátún	Smiðjuvegur
Kirkjuvegur	Strandvegur
Klettsvegur	Suðurvíkurvegur
Króktún	Sunnubraut
Melvegur	Mánabraut
Mylluland	Víkurbraut
Mýrarbraut	

Biðskylda.

Að biðskylda verði af:

Árbraut inn á Víkurbraut	Sigtúni inn á Hátún – 2 gatnamót
Bakkabraut inn á Árbraut	Afrein af hringtorgi inn á Sléttuveg
Afrein Hátúni nr. 5-15 inn á Hátún	Sléttuvegi inn á Klettsveg – 2 gatnamót
Afrein Hátúni nr. 17-25 inn á Hátún	Afrein Sléttuvegi nr. 3 inn á Sléttuveg
Hátúni inn á Suðurvíkurveg	Afrein Suðurvíkurvegi nr. 8-10 inn á Suðurvíkurveg
Króktúni inn á Hátún	Sunnubraut inn á Ránarbraut
Melvegi inn á Smiðjuveg	Sunnubraut inn á Víkurbraut – 2 gatnamót
Myllulandi inn á Suðurvíkurveg	Víkurbraut inn á Mánabraut – 2 gatnamót
Mýrarbraut inn á Bakkabraut	Afrein Víkurbraut við Guðlaugsblett inn á Víkurbraut
Ránarbraut inn á Víkurbraut	Afrein Víkurbraut nr. 19-23 inn á Víkurbraut
Mánabraut inn á Ránarbraut	Afrein Strandvegur frá þjóðvegi inn á Strandveg

Stöðvunarskylda.

Að stöðvunarskylda verði af:

Kirkjuvegi inn á Austurveg	Strandvegi inn á Austurveg
Mýrarbraut inn á Austurveg	Suðurvíkurvegi inn á Austurveg
Smiðjuvegi inn á Austurveg	Víkurbraut inn á Austurveg

Forgangur akstursstefnu.

Umferð frá Sunnubraut inn á Víkurbraut við gamla sláturhúsið er víkjandi fyrir umferð frá Víkurbraut yfir á Sunnubraut.

Ofangreint er merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps 17. febrúar 2022.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Vík, 12. maí 2022.

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri.